

Samband hljómplötuframleiðenda  
Íslandsdeild I.F.P.I.,  
The Icelandic National Group of I F P I

Reykjavík

Your ref.

Our ref.

*Alþingi*

*Erindi nr. B/116 1662*

*komudagur 17/12 1992*

Vidskipta og Efnahagsnefnd  
Alþingishúsinu v/ Austurvöll  
101 Reykjavík

Eins og ykkur er kunnugt um bera íslenskar hljómplötur (geislaþlötur og snældur) 24.5% virðisaukaskatt. Þrátt fyrir tilraunir höfunda, flytjenda og útgefanda til að fá virðisaukaskattinn felldan niður til samræmis við t.d. virðisaukaskatt á bókum, hefur það ekki tekist.

Nú liggur fyrir að leggja 14% virðisaukaskatt á bækur og hlýtur það að teljast edlileg jafnræðiskrafa að skattlagning á íslenskum hljómplötum sé með sama hætti.


Heildarsala íslenska hljómplatna er um 120.000 til 150.000 eintök á ári og er áætlað meðalverð kr. 1.500 með virðisaukaskatti. Komi til lækkunar á virðisaukaskatti úr 24.5% í 14% þýddi það lækkun á tekjum ríkissjóðs um 12.6 - 15.7 milljónir króna.

Það er von mín að vidskipta og efnahagsnefnd leggji til ofangreinda breytingu á virðisaukaskatti íslenskra hljómplatna. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að ítreka samkeppis og sanngirnis sjónarmíðin sem liggja að baki þessari beiðni, þau ættu að vera öllum ljós.

Með von um jákvæða umfjöllun.

Virðingarfyllst,

F.h. Sambands Hljómplötuframleiðenda

  
Steinar Berg Ísleifsson